


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	VEF2036	
Síða 1 af 2	Kennsluáætlun vor 2012	

Kennari	Ragnheiður Björk Þórsdóttir	Sk.st.	RPÓ
Netfang:	<i>ragga@vma.is</i>		

Undanfari: VEF103

Áfangalýsing:

Í VEF 203 vefa nemendur nytjahlut/hluti og setja upp í vefstól tveir og tveir saman með aðstoð kennara. Nemendur byrji að tileinka sér útreikninga og vinna eftir bindifræðimunstrum fyrir vefnað. Áhersla er lögð á að nemendur vinni með og þekki þráðarbrékán á flögur - sex sköft, bundið rósaband, samsetta bindingu s.s. hálfðregil, salún og íslenskt glit. Nemendur byrja að tileinka sér gildi mismunandi uppistöðu og ívafs í mismunandi vefnaðaraðferðum.

Markmið:

Að nemendur:


- reikni út sína eigin uppistöðu áður en rakið er í slöngu.
- vinni með frekar fínan þráð og reynt er að stuðla að því að nemendur vinni eftir eigin hugmyndum á frjálsan og skapandi hátt.
- nemendur geri sér grein fyrir mismunandi eiginleikum vefjarefna og fjölbreyttu notagildi þeirra.

Hugmyndir um verkefni:

Unnið með t.d. bundið rósaband þ.e. krókbragð á 4 - 6 sköft þráðar brékán á 4 - 6 sköft og með tveim litum eða annar einfaldur jafnþráðavefnaður s.s. salún eða hálfðregill. Skila skal möppu með vinnuteikningum og útreikningum á uppsettri voð.

Tímasetning:

Vika	Námsefni
2.- 4.	Áfanginn kynntur og nemendur ákveða verkefni í samráði við kennara. Hugmyndavinnuferli. Útreikningar á slöngu og byrjað að rekja í uppistöðu.
5.- 8.	Uppsetning í vefstól, inndráttur í haföld og skeið. Sköft og skammel bundin upp með aðstoð kennara og byrjað að vefa.
9.-16.	Voðin ofin. Frágangur og möppuvinna

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	VEF2036	Kennsluáætlun vor 2012

Námsmat	Lýsing	Vægi
Prufur og uppskriftir	Prufumappa með uppskriftum	20 %
Ofið/n stykki	Vefnaður og frágangur	70 %
Frammistaða á önn	Ástundun og vinnubrögð	10 %

Tegund	Námsgögn
Bækur	Fagbækur f. vefnað, myndlist og textíl, staðsettar í vefstofu. Bindifræði Sigríðar Halldórsdóttur (ljósrit í vefstofu og á bókasafni VMA) og óútgefið efni eftir kennara.
Tímarit	Vefnaðartímarit sem staðsett eru í vefstofu

Fjarvistir:

Fjarvistastig í þessum áfanga eru hámark 9 stig eða 9 kennslustundir. Ef fjarvistir verða fleiri verða nemendur að leita til síns kennslustjóra og sækja um leyfi til áframhaldandi setu í áfanganum.

Innkaup:

Nemendur halda áfram með að setja hugmyndir, skissur, uppskriftir og prufur í möppu úr VEF103. Einnig er gott að vera með reiknivél og skrífæri. Efni er til staðar í skólanum og þurfa nemendur að kaupa það sjálfir en efnisgjöld áfangans (kr. 3.500) eru dregin frá þeirri upphæð.

Mjög mikilvægt er að nemendur vinni jafnt og þétt á milli tíma til að ná settum markmiðum og árangri.

Verkefni sem ekki verða sótt á skiladegi annarinnar verða geymd í 1 ár án ábyrgðar!

Með fyrirvara um breytingar.

Ragnheiður Björk Þórsdóttir (ragga@vma.is)

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengi